

Nd.

531. Frumvarp til laga

[192. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. apríl.)

1. gr.

Í stað 1. mgr. 20. gr. laganna komi tvær mgr., sem hljóði svo:

Þegar kosið er hlutfallskosningu í sveitarstjórn, eru allir þeir frambjóðendur varamenn í sveitarstjórn, sem ekki hafa náð kosningu sem aðalmenn, en átt hafa sæti á framboðslista, sem fengið hefur einn eða fleiri aðalmenn kjörna í sveitarstjórn. Þegar kosning er óbundin skal kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn eru. Kjósa skal aðalmenn og varamenn á sama kjörseðli, sem er tvískiptur, þannig að tilgreindur er fjöldi aðalmanna sérstaklega og síðan sami fjöldi varamanna. Þeir eru kjörnir aðalmenn í hreppsnefnd sem flest atkvæði fá í sæti aðalmanna. 1. varamaður er sá kosinn er flest atkvæði hlýtur í 1. sæti á lista yfir varamenn, að viðbættum þeim atkvæðum, sem hann fékk á lista yfir aðalmenn, hafi hann ekki náð kosningu sem aðalmaður. 2. varamaður er kosinn sá sem flest atkvæði hlýtur í 2. sæti á lista varamanna að viðbættum þeim atkvæðum, sem hann hlaut á lista aðalmanna og í 1. sæti á lista varamanna. Kosning annarra varamanna ákvarðast á sama hátt, uns fyllt er í sæti þau, sem kjósa skal í.

Nú er sýslunefndarmaður og varamaður hans kosnir óbundinni kosningu og gilda þá sömu ákvæði um kosningu þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.